

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í 6
Rangárvallasýslu, um flutning þingstaðar.

17. febr.

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dags. 24. f. m., og beiðni oddvitans í Rangárvallahreppi innan Rangárvallasýslu, veitir ráðuneytið samþykki sitt til þess að þingstaður Rangárvallahrepps verði fluttur frá Hofi í skóla- og samkomuhús hreppsins að Strönd, enda annist hreppsnefndin um að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Eyja- 7
fjarðarsýslu, um flutning þingstaðar.

13. apríl

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi dags. 27. f. m., og beiðni oddvitans í Skriðuhreppi innan Eyjafjarðarsýslu, veitir ráðuneytið samþykki sitt til þess, að þingstaður Skriðuhrepps verði fluttur frá Staðartungu í væntanlegt samkomuhús og þinghús hreppsins við Hörgárbrú á Helguhyl vestan árinna, enda annist hreppsnefndin um, að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Húna- 8
vatnssýslu, um flutning þingstaðar.

1. júní

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dags. 23. f. m., og beiðni oddvitans í Ytra-Torfustaðahreppi innan Húnavatnssýslu, veitir ráðuneytið samþykki sitt til þess, að þingstaður Ytri-Torfustaðahrepps verði fluttur frá Melstað að Ytri-Reykjum, í nýbyggt samkomuhús þar, svo kallað Ásbyrgi, enda annist hreppsnefndin um, að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.